

TÍMARIT
KAUPFJELAGANNA.

II.

1897.



REYKJAVÍK.
PRENTADÍFJELAGSPRENTSMÍÐJUNNI.
1898.

lögma. Vanti einhver af þessum skilyrðum, þá er ekki heldur um neina fjelagsfræði að tala, er vísindi geti kallast, eða sem nokkra þýðingu hafi fyrir mannlífð.

En þessi þrjú megin-skilyrði sýna það, að mennirnir verða að hafa náð allmiklum þroska, áður en fjelagsfræðin geti til orðið, enda er hún kornung vísindagrein; hún er afkvæmi vorrar útlíðandi aldar, og hefur alls ekki náð þeirri vörkuningu, sem hún á með rjettu, því hún er enn þá óvíða kennd við hina opinberu þjóðskóla. Það verður blutverk hinnar komandi aldar að leiða hana til þess öndvegis, sem hún eftir eðli sínu á meðal vísindanna.

Hin fyrstu frækorn og frjóangar til hinnar núverandi fjelagsfræði finnast í ritum fræðimanna frá hinum elztu tímum og fram á þessa öld, t. d. hjá Platon, Aristoteles, Bacon, Herder, Kant og ótal fleiri. En af þessum frjó-öngum gat ekki myndast nein vísindagrein, því allt af vantaði fleiri eða færri af áður nefndum skilyrðum. Í fornöld var huggripið fjelag eða samfjelag óþekkt. Grikkir og Rómverjar þekktu vel huggripið „ríki“, en ekki samfjelag. Aristoteles er höfundur ríkisfræðinnar, en hún stríðir í gegn þjóðfjelogunum og innlimar þau ríkinu. Seinna meir var það ekki einungis ríkisbúgmyndin, sem hindraði myndun eðlilegrar fjelagsfræði, heldur annað ekki síður voldugt afl, nefnli. hin yfirmáttúrlega eða dulspékilega andarftefna (metafýsik), er svo mikið vald hafði yfir hugum manna á miðöldunum og fram á vora daga. Að rannsaka mannfjelogið sem náttúrufríbúð var ósamrýmanlegt þeirri andarftefna, því hún gerði skarpa skilgreining á milli mannlífisins og náttúruvísindis. Það er fráleitt, að þessi andarftefna sje útdaud enn. Enn i dag trúir fjöldi manna því, að mannlífð hlýði allt öðrum lögum en alnátúran utan við mannin. — Þeirri skoðun, að jörðin væri miðdepill alheimisins, er sól og stjörnur snerust um, útrýmdu þeir Kópernikus og Galilei; en sú skoðun, að maðurinn sje miðdepill sköpunarverksins, sem allt annað sje miðað við, hefur reynzt lífseigari. Upplýsing 18. aldarinnar ruddi

Fjelagsfræði.

(Að mestu leytti þýtt eptir: Sigurd Ibsen: „Den moderne Samfundslære“).

Fjelagsfræðin, sem vísindagrein, er á Evrópumáli köll- uð „sósíologia“. Hjá oss er þessi hugmynd nær því óþekkt, og alveg óþekkt sem vísindagrein. En orðið fjelagsfræði tákna eptir málseðlinu hið sama sem hið útlenda orð, og hjer er það látið tákna alveg hið sama.

Að vísu er nú orðið fjelagsfræði nákvæm og orðrjett þýðing á „sósíologia“, en i þessu útlenda orði er samt fölginn sjerstök og dýpri þýðing. Það tákna ekki einungis einhverja fræðslu um fjelagsskap eða fjelög, heldur sjerstaka vísindagrein, sem bezt verður skýrð með því að kalla hana náttúrusögu þjóðfjelaganna og mannfjelagsins yfir höfuð. Með öðrum orðum: fjelagsfræðin hljóðar um mannfjelogið sem náttúruviðburð. Hún er byggð á því, að mannfjelag eða þjóðfjelag sje ekki — eins og sumir hafa haldið — einungis ávöxtur af mannaetningum, eintóm iþrótt, heldur náttúrubundin lífsmyndun, er fylgi ákveðnum þróunarlögmálum.

Þrjú aðalskilyrði eru fyrir því, að fjelagsfræðin sem vísindagrein verði til. Fyrst og fremst verða menn að hafa tileinkað sjer og skilið huggripið fjelag eða samfjelag; en svo einfalt og sjáltsagt sem þetta sýnist vera, þá eru þó ekki lítil vandkvæði einmitt á því. Flestir skóða mannkynið sem sunduríaustr hrat af einstaklingum, en ekki sem samfellda lífsheld, en að koma auga á þetta er einmitt annað aðalskilyrðið. Hið þriðja er það, að menn sjái og sannfærst um, að þessi náttúrumyndun verði rannsökuð og skilin, að lögmál þau, er hún hlýðir, verði fundin á sama hátt og náttúruvísindin hafa fundið hin þekktu náttúru-

raunar mörgum hleyplidómum úr vegi, en hún lagði þó aðaláherzluna á hin svo kölluðu yfirnáttúrlegu fræði; þess vegna gátu menn ekki fundið hin eðlilegu rök fjelagsmyndunarinnar.

Fjelsheimspeki 18. aldarinnar lagði mesta áherzlu á hinn svo kallaða náttúrurjett; á honum byggði Rousseau kenningu sína um hinn fjelagslega samning (social contract). Hann leit svo á, að þjóðfjlagið væri að álíta sem samning millum einstaklinganna. Kenningar hans voru raunar eðlileg mótmæli gegn þeirra tíma áþjón, andlegri og stjórnlægri; þær voru krafa skynseminnar til ríkisins um meira rjettlæti, um umbætur á hinum mörgu og blóðugu misfellum þeirra tíma. Þeir, sem fylgdu kenningum Rousseau's, sáu vel, að þá verandi ríkis- og rjettarfarsreglur gátu ekki samrýmt heilbrigðri skynsemi; rjettlætistilfinning þeirra reis öndverð gegn þeim, og svo byggðu þeir heilsteypit kerfi af reglum, sem þeir álitu byggðar á rjett skildu manneðlinu. Þeir bjeldu fram rjetti einstaklingsins gegn ríkinu. Kröfur sínar byggðu þeir á því, er þeir kölluðu náttúrlegan mann eða mannsnáttúru. Hugðust þeir þar hafa fundið óbilandi grundvöll til að byggja á, því þeir efudust ekki um, að hinn „náttúrlegi maður“ væri á öllum stöðum og öllum tímum alveg eins. Dýrkun einstaklingsins liggur eins og rauður þráður gegn um allt kenningakerfi Rousseau's. Einstaklingurinn er í augum hans hið náttúrlega, fjelagið eða ríkið ípróttarleg manna-setning og óheilla afleiðing af fjötrandi samningum einstaklinganna. Þessi átrúnaður á manneðlið sem óbifanlegan og óbreytilegan grundvöll, jafnframt þeirri skoðun, að ríkið eða mannfjlagið væri ekkert annað en vjel, gjörð af mannaþöndum, sem taka mætti sundur ögn fyrir ögn, og setja aptur saman eftir nýjum og betri reglum, þetta hvorttvegja var rót og orsök hinnar miklu stjórnarbyltingar á Frakklandi og hinna fjelagslegu umbóta-tilrauna, er stöðu í sambandi við hana. Nú trúna menn því ekki lengur, að uppruni fjelagsins eigi rót sína í einstaklingunum

eða samningi millum þeirra; nú líta menn svo á, að fjelag sje frumleg náttúrunauðsyn. Vísindin hafa kennt oss þetta. Þau sýna, að hversu langt sem vjer litum til baka, hafa mennirnir aldrei lifað sem einbúar, heldur í smærri eða stærri fjelagskap; þau sýna, að fjelag er náttúrleg tilorðning, sem ætíð gengur á undan sjálfsmeðvitund einstaklinganna og kröfum þeirra um einstaklingsrjett, er ekki koma í ljós fyr en á hærri þroskastigum mannlífsins.

Það var einkum þrennt, sem undirstaða núverandi fjelagsfræði er byggð af: í fyrsta lagi náttúruheimspeki þessarar aldar, er skapaði huggripið samfjlag eða þjóðfjlag, og gaf því ákveðna þýðingu; í öðru lagi hin nýrri náttúruannsókn, sem hvervetna leitar að frumlegum og skiljanlegum lögmálum, og í þriðja lagi hin þrotlausa starfsemi innan endimarkta sjervísindanna, svo sem sögu, manfræði, liffræði o. s. frv. Allar þessar fræðigreindir hafa lagt til efnis, er með þurfti til þess að byggja upp hina yngstu vísindagrein, fjelagsfræðina.

Það var hinn franskí heimspekingur Auguste Comte, sem fyrir rúmlega hálfri öld hratt af stað þeim breytingum og nýmyndunum í heimspeki og lífsskoðun, er gátu af sjer hina núverandi fjelagsfræði. Það er því nauðsynlegt að líta yfir og kynna sjer meginþættina í kenningakerfi Comte's.

Eins og sjerhvert nýtt kenningakerfi skiptist það í tvær aðaldeildir: niðurbjótandi og endurreisandi. Hið niðurbjótandi starf var einkum fölgð í því að útrýma gjör-samlega úr vísindunum öllum yfirnáttúrlegum dulspekisfræðum (Metafysik) um uppruna og tilgang alheimsins, því allar tilraunir til þess væru fánýtar og árangurslausar fyrir vísindin eða hina reynslulegu þekkingu mannsins; upphaf og endir væri hvorttvegja jafnhulið og óskiljanlegt, hvorttvegja lægi utan við takmörk mannlægs skilnings og rannsókna, og á því yrði ekkert byggt með vísindalegri vissu. Einungis það, sem er í miðið — vorar eigin staðreyndir væru eign vor og meðfærilegar til rann-

sóknar. En fyrst yrði að finna þann grundvöll, sem óhætt væri að byggja rannsóknirnar á, sjónarmið, er óhætt væri að horfa út frá, og í því er einmitt fylgið hið endur- reisandi starf reynsluvísindanna. — Tvær meginreglur setti Comte fyrir hinni heimspekilegu rannsókn. Önnur er sú að byggja að eins á sögulegri vissu, og hin að setja allar vísindagreinir í samfellt orsaka- og afleiðingakerfi, þannig að ein vísindagrein byggir áðra, svo að þær allar míða að einni og sömu niðurstöðu, einni og sömu aðallífskoðun. Hin sögulegu rök, er hann byggir á, eru þau, að manns- andinn eigi sjer þrjú aðaltímabil: hið godsagnalega (theo- logíska), hið dulspekilega (metafýsíska) og hið reynslulega (pósítíva). Á fyrsta (godsagna) tímabilinu heimfærir mað- urinn alla náttúruna og öfll hennar undir beina og persónu- lega starfsemi guðdómsins eða goðanna. Á hinu öðru (meta- fýsíska) tímabili setur maðurinn hrein huggrip í stað guð- anna og byggir lífskoðun sína á hugsanfræðislegum álykt- unum og líkum (a priori). Á hinu þriðja tímabili (hinu pósítíva) byggir maðurinn á reynslunni einni, og leitast við að finna sambönd og innbyrðis þýðingu hlutanna og fyrirburðanna með leiðbeiningu reynslunnar og vísindalegra tilrauna, þannig að hver staðreynd er skoðuð í sambandi við heildina sem afleiðing af undanfarandi orsök. Þetta er grundvöllur vísindanna nú á tímum, er kom í stað dul- spekinnar. Vorra tíma vísindi víðurkenna ekkert *sem sitt verkefni*, er ekki verður sannað með reynslu.

Hvað er það nú, sem heyrir undir umráð vísindanna? Þessari spurningu svaraði Comte með hinni annari megin- reglu sinni: flokkun vísindagreinanna eptir því þroskastigi manna, er þau krefjast, og sem hann aptur byggir á því, hve samsett eða flokin hver vísindagrein er, og líver- nig ein þeirra byggir áðra upp, eða er undirstaða annarar. Röðina að neðan og upp eptir telur hann þannig: stærð- fræði (matematík), aflfræði (mekaník), stjörnufræði (astro- nomi), eðlisfræði (fýsik), efnafæði (kemi), líffræði (biologi), og loks fjelagsfræði (sosiologi).

Einöldust og ósamsettust er stærðfræðin; efni hennar er einungis tölur og rúm. Þegar hreyfingunni er bætt við, framkemur samsettari vísindagrein: aflfræðin, sem aptur er skilyrði fyrir stjörnufræðinni, sem byggð er á þekkingu þyngdarlögmálsins (gravitation). En þyngdarlögmálið er sambandsliðurinn millum þekkingar vorrar á jörðinni og alheiminum. Þá fylgir eðlilega þekkingin á öflum hinnar líflausu náttúru, sem eðlisfræðin rannsakar, og skyldleiki eða samdráttur (affinitet) frumefnanna, sem efnafæðin er byggð á. Efnafæðin er sambandsliðurinn milli þekking- arinnar á hinum líflausu efnum og hinum lífandi. Í hinni lífandi náttúru eru eðlislegu og efnislegu lögmálin sam- tengd lífnu, og þessi nýi eiginleiki er rannsóknarefni líf- fræðinnar. Stuart Mill o. fl. hafa bætt hjer inn í röð þá, er Comte setti, þekkingunni á hinum andlegu fyrirburðum, er birtast í hinni lífandi náttúru, sjerstaklega í manninum, nefnil. sálarfræðinni, og er raunar ekkert athugasvert við það. En þó má ekki gleyma því, að meðan skilningur vor og þekking er ekki þroskaðri en þau enn eru, þá hlýtur sálarfræðin að vera samtvinnuð líffræðinni, og væri því rjettara að nefna hana hinn andlega hluta eðlisfræðinnar (psykofýsik). — Á eptir líffræðinni kemur svo loks hinn síðasti liður í vísindakerfi Comtes, þekkingin á hinum fje- lagslegu fyrirburðum, er leiðir í ljós sjerstök og ný ein- kenni, hin fjelagslegu eða andlegu (psýkísku) aðdráttaröfll, er knýja manninn — og raunar alla hina lífandi náttúru — til samfjelds og samverknadaðar. — Þetta er fjelagsfræðin. Comte velur henni hið efsta seti í vísindakerfinu, af því efni hennar er margbreyttast, svo margbreytt, að allar hinar áðrar vísindagreinir verða að þjóna henni; einkum er líffræðin nauðsynlegur fyrirrennari hennar, annars yrði hún ekki byggð á reynslulegum grundvelli. — Comte hugð- ist sjálfur að leysa það vísindalega þrekvirki af höndum að byggja fullkomna fjelagsfræði, en honum auðnaðist ekki að afkasta meiru en að undirbúa þetta mikla verk; tímunn var ekki kominn, og verkefnið ekki allt við hendina, eða

undirbúið sem þurfti. En starfsemi Comte's hefur samt haft afarmikla og ómetanlega þýðingu fyrir vísindin í heild sinni. — Hann bendir fyrstur á innbyrðis sambönd hinna fjelagslegu fyrirburða, og sýndi fram á hinn mikla rugling sjervísindanna, eins og þau voru þá kennd, svo sem ríkisfræði, rjettarfarfræði, þjóðmegunarfræði o. s. frv., er allt voru álitnar sjálfstæðar og óskildar vísindagreinar, er ekki stæðu í neinu sambandi hver við aðra, eða væru háðar hinu sama al-lífs lögmáli. Hann sýndi fram á, að öll þessi vísindi yrðu að renna saman í eitt í hinn nýju fjelagsfræði, sem byggjast ætti á rannsókn-sjálfs lífsins, skilyrða þess og fyrirburða.

Hinn enski heimspekingur Herbert Spencer er annarsá, sem mest hefur stutt að þroskun fjelagsfræðinnar. Heimspeki hans er byggð á glöggrri skilgreiningu hins skynjanlega og hins óskiljanlega. Hina fyrstu orsök hins sýnilega og skynjanlega getum vjer ekki skilið; hinn fullkonnasti sannleikur, sem vjer getum tileinkað oss, er óeyðanleiki og ævarandi eðli kraptarins. Verkanir kraptarins eru ýmist þroskun (framþróun = evolution) eða uppleysing (dissolution). Allar breytingar í náttúrunni, allar verkanir kraptanna miða til annarshvors þessa; og allheimstærifó, verkanir alheimskraptarins í hinum takmarkalausa alheimi er alheimsfamþróun (universalevolution), sem þessi dularfulli kraptur framkvæmir gegnum samruna og sundurdeiling, þroskun og uppleysing á víxl, með æ fullkonnari myndunum. — Framþróunarkenning Spencer's varð vísindaleg sönnun og grundvöllur tveggja huglægra (abstrakta) meginsetninga, nefnil. að nútíðin er dóttir fortíðarinnar og móðir framtíðarinnar, og að ekkert sje í raun og veru, heldur sje allt „verðandi“.

Á undan Spencer hafði landi hans jarðfræðingurinn Lyell fundið hin fyrstu rök til framþróunarkenningarinnar, þá er hann mótmælti hinum snöggu og áköfu byltingum í jarðmynduninni, er áður voru kenndar, en kenndi í þess stað, að sistarfandi náttúruöfl hefðu hægt og hægt og stórbýltinga-

laust þokað jarðskorpunni í þá mynd, er nú hefði hún, en það væri aðeins hjálðandi augnabliksástand, er í nútímanum tæki jafnmiklum breytingum, sem það æ hefði tekið og mundi taka. Þessi kenning var þá aðeins heimfærð til jarðmyndunarinnar. Spencer fór lengra og heimfærði framþróunarhugmyndina til allra fyrirburða í alnátúrunni. Í hinum mörgu bókum sínum hefur hann rakið og fært í samfelda heild allar þekktar verkanir alheimskraptarins, allt frá óskepispökunni til mannlífsins með þess risandi og fallandi menningaröldum, og hvervetna hefur hann heimfært framþróunarhugmyndina og fundið framhaldandi þrotlausa starfsemi hins sama óeyðanlega alheimskraptar, er miðar að óþekktu fjarlægu marki. Hann rekur framþróunina stig fyrir stig gegnum hin líflausu efní, efní líffæranna og lífið sjálft. Einnig hann flokkar, eins og Comte gjörði, allt það, er maðurinn skynjar, eptir þeim þroskastigum, er það krefst. Efst í þeirri röð setur hann það, sem hann kallar yfir-efnislega fyrirburði (superorganisk fenomen), nefnil. hina fjelagslegu fyrirburði. Einnig Spencer telur fjelagsfræðina blóm hinna reynsluvisindalegu heimspeki. Verk-efni það, er Comte hafði sett sjer fyrir að leysa, en megnaði ekki, það hefir Spencer leyst af hendi. Hann hefir með ritum sínum fest og grundvallað fjelagsfræðina. Hann hefir með stórkostlegri elju safnað sögulegum staðreyndum, flokkað þær og sett í kerfi, og þannig fundið lögmál hinna fjelagslegu framþróunar.

Þegar talað er um Spencer, leiðist hugurinn ósjálfrátt til annars manns, nefnil. Darwin's, enda eru þessi tvö nöfn iðulega sett í samband í ræðu og ritum. Því verður ekki heldur neitað, að stefnur þessara tveggja stór-vísindanna liggja samhlíða. Rannsóknir Darwin's styðja og fullkomna fræðikerfi Spencer's. Framþróunarlögmálinu, er Spencer álitur, að alnátúran hlýði, hefir Darwin sýnt ómótmælanlega að hin lífandi (organiska) náttúra hlýðir. Kjarninn í kenningum Darwin's er fölginn í hinum allkunnu kraptsetningum hans: „barátta fyrir tilverunni“ og

„náttúru úrvalið“, og einmitt þetta er aðalskilyrðið fyrir framþróun alls, sem líf hefur. En afleiðingarnar af rannsókn og sönnunum Darwin's ná lengra en til líffræðinnar einnar. Eins og ölduhringarnir út frá steininum, sem slöngvað er í vatn, fara æ stækkandi, þannig hafa öldurnar af kenningu Darwin's breiðst út yfir stærra og stærra svæði vísindanna og hinnar almennu þekkingar, og valdið gagngjörðri breytingu á hinni almennu lífsskoðun. Hin heimspökilega þýðing Darwin's er aðallega fölgin í því, að hann ruddi gjörsamlega burtu þeirri hugmynd eða kreddu, að mennirnir hefðu fundið og skilið tilgang og endimark tilverunnar (finalitets idé). Áður höfðu menn gjört forsjóninni upp ákveðinn, skiljanlegan tilgang með sköpunarverkunum, og leitað við að heimfæra alla fyrirburði undir fyrirhugaðar ráðagerðir hennar, til þess að ná þessu marki. Darwin sýndi og sannaði þar á móti, að í sjálfri náttúrunni ráða lögmál, er eyða og afmá allt hið miður hæfilega, en velja úr hið hæfasta til að æxlast og festa eiginleika sína í lífinu. Hann sýndi, að lögmál náttúrunnar starfa sjálfkrafa að því að framleiða hið hentugasta fyrir lífið. Það, sem er hentugast fyrir viðhald og framþróun lífsins, það verður, en hið hentuga fyrir lífið er ekki orsök. Þess vegna sjáum vjer að eins orsakasamböndin (kausalitét) en engan upprunalegan tilgang (finalitét). Við nánari ihugun sjest brátt, að þessi skoðun hlýtur að hafa áhrif, ekki einungis á afstöðu einstaklinganna hvers gagnavart öðrum, heldur og á fjelagsheildirnar. Baráttan fyrir tilverunni á sjer engu stað milli flokka og fjelagsheilda en á millum einstaklinganna. Hið náttúrulega úrval á sjer engu stað meðal stofnana og skipulaga en meðal einstaklinga. Að fullkomnari stofnanir ryðji hinum ófullkomnari úr vegi, að fullkomnara skipulag kemur í stað ófullkomnara, að þroskaðri þjóðflokkar útrýma hinum óþroskaðri og spiltari, þetta allt sýnir glögglega sannindi þessa alheimslögmáls.

Fjelagsfræðin kennir ekki um neinn ákveðinn tilgang

eða markmið. Í því tilliti er hún frábrugðin annari fræðigreinin, sem menn ranglega hafa blandað saman við hana, nefnil. hinni sögulegu heimspeki. Ítalskur maður, Vico að nafni, er höfundur þeirrar kenningar, er stóð í blóma sínum á næstliðinni öld. Að vísu er hún nokkuð skyld fjelagsfræðinni, því hún leitast við að skýra og skilja meginatriðin í myndun og þroskun fjelagsins; en aðferðin var gagnólik þeirri, er fjelagsfræðin nú viðhefur og viðurkennir. — Margir þekkjja söguna um trúarþrjodikarann, sem meðal annars sýndi tilheyrendum sínum fram á, hve dásamlega forsjónin hefði sjeð fyrir samgöngunum, því nær því ætíð ljéti hún skipengar stórar renna fram hjá stórborgum. Hin sögulega heimspeki ályktaði líkt þessu. Hvervetna þar í sögunni, sem hún fann skynsamlegan árangur, leitaði hún að tilgangi, er stýrt hefði viðburðunum til þessa árangurs. Fjelagsfræðin leitar orsakanna. An þess að gjöra forsjóninni upp nokkurn tilgang, ályktar hún blátt áfram, að borgirnar hafi risið upp við árnar, af því þær voru skipengar og samgönguskilyrðin fyrir hendi. Hún heimfærir alla fjelagslega fyrirburði undir náttúruleg lögmál. Þessi hugsun hafði vakað fyrir mörgum á undan Darwin, en hún nákvæma rökfærsla hans og hinar yfirgripsmiklu rannsóknir hans og tilraunir tóku af öll tvímæli og knúðu alla menntaða og hugsandi menn inn á nýjan hugsana feril. — Það má svo að orði kveða, að Darwin hafi aptur innlimað mauninn í náttúruheildina, er hin eldri vísindi höfðu skilið hann út úr. Á kenningum Darwin's hefur sú skoðun verið byggð, að allar fræðigreindir, sem hljóða um manninn og mannleg hlutföll, svo sem mannfæði (antropologi og etnologi), málfæði, saga, fjettararfsfræði, þjóðmegunarfræði, og eigi sízt fjelagsfræðin, að allar þessar fræðigreindir sjeu í raun og veru náttúruvísindi.

Sama árið — 1859 — sem Darwin gaf út bók sína: „Um uppruna tegundanna“, kom út önnur bók, sem að vísu var rituð frá allt öðru sjónarmiði og um ólíkt efni, en stefndi eigi að siður i vissu tilliti að sama markinu.

Höfundur þeirrar bókar var Þjóðverjinn Karl Marx, er síðar varð stórmeistari hinna þýzku sósíal-demokrata. Bókin hjótt: „Tilraun til að gagnrýna hina pólitísku hagfræði“ og hún varð fyrirrennari hins heimsfræga rits eptir sama höfund: „Kapítalið“, sem kallað er biblía hins vísindalega *sósíalísma*. Það, sem mesta eptirtekt vakti, var kenning Marx um margföldun fjárfestisins (kapítalsins) án eigin tilverknaðar, og það er sú kenning, sem gjört hefur hann frægastan; en ekki er það samt hún, sem kemur þessu máli sjerstaklega við, heldur skoðanir hans og skilningur á mannfjelaginu. Í þeim skoðunum kemur ljóslega fram skyldleikinn millum hans og Darwin's. — Darwin fann rökin til framþróunar líffæraanna í baráttunni fyrir tilverunni. Karl Marx leitaði að rökunum til hins fjelagslega ástands í baráttu stjettanna fyrir tilveru sinni og yfirráðum. Í augum hans voru siðferðishugmyndirnar, rjettar-meðvitundin, pólitíkin, í stuttu máli allt ástand mannfjelsins og þjóðfjelaganna einungis afleiðing af þessari baráttu stjettanna um auðinn og völdin. — Það eru — segir Marx — og hafa ætíð verið sömu stjettirnar, sem auðinn hafa haft í höndum, sem jafnframt hafa haft hin fjelagslegu og pólitísku yfirráð, og þess vegna hafa ráðið skipulaginu, og lagað það og hugsunarháttinn eptir hagsmunum auðmanna og landeiganda. —

Í þessari kenningu eru nú mikil sannindi fölgjín, en ekki allur sannleikurinn. Marx var að visu snjall vísindamaður, en hann átti í áköfum deilum um skoðanir sínar og kenningar, og það glapti honum sýn á innsta kjarna málefnsins. Stjettaskipunin og skipting auðs og valda ræður auðvitað mjög miklu um fjelagsmyndunina, en ræður þó ekki eingöngu. Í mannlínu — eins og annarsstaðar í náttúrunni — ræður að visu rjettur hins sterkara mjög miklu, en þar kemur þó ávallt, að mennirnir eygja hærra og göfugra markmið, og enginn getur neitað því, að siðferðishugmyndirnar, rjettarfar og stjórnarfar hefur orðið fyrir miklum áhrifum, er ekki

hafa staðið í neinu beinu sambandi við stjettaskipun og auðskiptinguna; má þar fyrst og fremst nefna trúarbrögðin, einkum kristindóminn, þar næst hina heimspekilegu „upplýsingu“, og loks hinar fjelagslegu umbóta hugsjónir síðari tíma, er hrifið hafa allar stjettir allt upp að hásetu um konunganna. Þetta sýnir, að á vissu þroskastigi fjelagslífsins verður siðferðismeðvitundin að sjálfstaðu og sjálfstarfandi afli, sem svo verkar til baka á sinn eigin uppruna: hlutföll stjettanna og auðsins, á skipulagið.

Með þessum fyrirvara má óhætt fullyrða, að Marx hefur fundið lögmál, sem mjög hafa skýrt hugmyndir manna og skoðanir á hinum fjelagslegu fyrirburðum. Fyrir hans daga sveimuðu rjettarfars siðferðis og stjórnarfars hugmyndir manna mjög svo í lausu lofti, sem óljósar ráðgátur eða einangraðar hugsjónir. Marx hefur gróðursett þær á sjálfri jörðunni, setti þær í eðlileg sambönd við hlutföll mannlífsins, við alla starfsemi mannsins, umráð hans yfir jörðunni, framleiðslu auðsins og skiptingu hans millum einstaklinganna og stjettanna.

Hjer má nefna, til skýringar, eitt dæmi af mörgum: þrælhalðið og mannsalið og bólfestuánað bænda. Af-nám þessa hafa menn eingöngu eignað siðferðislegum hvötum, og það er satt — að visu — að siðferðismeðvitundin er breytt, þegar þetta er afnumið. En hvað var það, sem olli þeirri breytingu? Þegar vjela afið kom í staðinn fyrir handaß mannsins, þegar hin náttúrulegu og einföldu viðskipti og hagfræði miðaldanna urðu að vika fyrir peningaviðskiptum og peningahagfræði þessarar aldar, þegar fullkonnari verðmiðlar gjörðu viðskiptalífð margbreyttara og flóknara, hin stóru auðsöfn möguleg og breyttu gjörsamlega hlutföllum markaðsins, þá kom það í ljós, að það, sem kallað er frjáls vinnusamningur, og breyta má eða upphefja eptir hugþótta, var einmitt hentara fyrir þær stjettirnar, sem auðinn og völdin höfðu, og þá sau menn allt í einu, að mannsal, þrælahald og bólfestuánað var ranglátt; var það svo afnumið í nafni siðferðisins og

mannúðarinnar, en sannleikurinn er, að það var afnumið, af því það var ekki lengur hentugt, átti ekki lengur við hið breytta ástand. Því nú var framleiðslan og vinnan háð ávöxtun tjárfstofnanna, svo ánaðarinnar þurfti ekki lengur með í hennar gömlu mynd; ánað auðsins var komin í stað hennar, og Karl Marx og margir fleiri hafa sýnt og sannað, að sú ánað er alls ekki siðferðislega rjettnættari en hin gamla bólfestu ánað. Samt má búast við, að hún verði ekki afnumin af tónum siðferðisbótum, heldur þá fyrst, þegar hún ekki er lengur hentug eða samsvarandi fyrirkomulaginu á framleiðslu auðsins. Á hinn bóginn knýja siðferðislegar hvatir manninn til þess að undirbúa það ástand, er gjörir ánað auðsins tilgangs- lausa og gagnslausa einnig fyrir hinar ráðandi stjettir.

Þó að Karl Marx kunnir að hafa fullyrt helzt til mikið og margt, þá er hitt þó víst, að hann opnaði fyrstur augu manna fyrir því nána orsaka- og afleiðinga-sambandi, sem er á milli hins ytra skipulags mannlífsins og sálarlífsins eða siðferðismeðvitundarinnar, og með því hefur hann brundið vísindunum langt áleiðis á þeirri braut, er Comte hafði markað þeim og stefnir að því marki að sameina í eina samfellda heild allar þær vísindagreinar, er snerta mannfjlagið sem slíkt.

Þetta er það, sem fjelagsfræðin sjerstaklega á að þakka Karl Marx, en það hafa margar fleiri stöðir runnið undir þessa ungu vísindagreina. Hún er frábrugðin öðrum vísindum í því, að aðalverkefni hennar er að samþýða og færa í samhljóða heild þau sannindi, er hin ýmsu sjer- vísindi hafa fundið. Hún safnar í eina heild hinum dreyfðu, samhengislausu staðreyndum, og sýnir orsaka og afleiðing asamböndin í millum þeirra. Sumir hafa því haldið því fram, að fjelagsfræðin væri í raun og veru engin sjálfstæð vísindagreina, en hið sama mætti þá einnig segja um flestar aðrar vísindagreinar, því þær eru flestar byggðar á sannindum, er önnur vísindi hafa áður fundið. Með sama rjetti mætti egja um byggingamcistarann, að

hann hefði enga sjálfstæða þýðingu, af því hann ekki sjálf- ur grefur upp og heggur til hvern stein í byggingu sína, nje heldur fellir trjen eða steypir járníð. Það er fjelags- fræðinni engin niðrun, að hún krefst af þeim, er leggja stund á hana, margþeyttrar þekkingar á öllum hinum helztu vísindagreinum, er leggja til efni það, sem hún er byggð af.

Nitjanda öldin hefur verið pólitísk öld; þingbundið stjórnskipulag hefur útrýmt einveldi fyrri alda. Það, sem áður gjörðist í leyndarráðum einvaldanna, fer nú fram opinberlega fyrir allra augum, og enginn hkar sjer við að fella opinberlega dóma um stjórnskipulag, svo almenn- ingur getur haft glögg yfirlit yfir það. Þetta ásamt itar- arlegum og margþeyttum hagskýrslum um öll hlutföll mannlífsins hefur fengið mönnum í hendur það ógrynni af verkefni, að manni liggur við að sundla. Nitjanda öldin hefur en fremur verið öld þjóðernisins, eða þjóðernanna, gagnvart átjándu öldinni með sinum kosmópólitísku hug- sjönum. Þessi dýrkun þjóðernanna hefur orðið til þess, að allar Evrópu þjóðir hafa lagt innilega rækt við hin þjóðlegu fræði sín um lifnaðarhætti, trú, hjátrú, alþýðu- skáldskap og íþróttir. Og loks hefur nitjanda öldin öllum öldum fremur verið öld uppgötvana, rannsóknar og upp- finninga. Fornleifarannsóknir og fornfræði hafa strjáláð björtu ljósi yfir margt það í ævisögu mannkynsins, er að- ur var með öllu hulið. Óteljandi ferðalangar og glúskrar- ar hafa leitað í hverjum krók og kima, ekki einungis í Norðurálfunni heldur í öllum álfum jarðarinnar og þeir hafa safnað óþrjótandi efni til fræðslu um líf og háttu þjóðanna á öllum öldum og öllum þroskastigum. Allt þetta mikla verkefni notar fjelagsfræðin, því ekkert manlegt er henni óviðkomandi.

Þegar vjer nú lítum yfir það, sem að framan er sagt, sjáur: vjer, að það er eðlilegt, sem í upphafi þessa máls var tekið fram, að fullkomin fjelagsfræði gat ekki orðið til fyrri en á hinum síðustu mannsöldrum. Fyrst varð

sjálf fjelagshugmyndin að ná ákveðnum þroska, til þess hún fengi útrýmt hinum eldri ríkis- eða veldishugmyndum. Þar næst urðu menn að koma auga á það, að samfjélag og samverknadur er hið upprunalega og náttúrulega ástand lífsins og þess vegna náttúrulegumál, sem rannsakað verður á sama hátt og önnur náttúrulegumál. Þessi skilyrði voru ekki fengin fyrri en á síðustu áratugum. Í fornöld rjéði ríkishugmyndin, á miðöldunum dulspekin og sú skoðun, að maðurinn væri yfirnáttúrulegur miðpunktur sköpunarverksins (anthropocentriskskkoðun). Á 18. öldinni hófðu menn enn ekki komið auga á hin náttúrulegu orsaka- og afleiðinga-sambönd fjelagsmyndunarinnar, en stöðu á einstaklinginn slitinn út úr lífsheildinni sem sjálfstæða veru, óháða náttúrulegumálunum. Öllum þessum hindrunum þurfti að ryðja úr vegi og gjöra hinn náttúrulega grundvöll byggingan. Fyrst og fremst varð Comte að rífa niður loftkastalabyggingar hinna dulspekilegu og yfirnáttúrulegu fræða, og beina hugum manna og rannsóknarbrá frá einangrunum hagsjónnum til eðlilegrar reynslu og rjétrra ályktana af staðreyndum jarðlífsins. Þar næst urðu þeir Spencer og Darwin að hafa fundið hin eðlilegu orsaka- og afleiðingasambönd, lögmál lífsbaráttunnar og framþróun lífsins fyrir æfingu lífæraanna og hið náttúrulega úrval. Enn fremur varð Karl Marx að hafa sýnt og sannað hin eðlilegu sambönd milli stjettaskipunarinnar með baráttu hennar um vald og auð og hinnar siðferðislegu og andlegu þróunar, og loks urðu hin mörgu og margbreyttu sjervisindi þessarar aldar að hafa náð ákveðnu þroskastigi, svo að af þeim urðu dregnar óyggjandi ályktanir. —

Þannig er fjelagsfræði vorra tíma til orðin. Hún er raunar ekkert eilíft eða ævarandi í eðli sínu, fremur en allt annað, er vjer skynjum, en hún er einn hlekkur í hinni eilífu rannsóknar- og framþróunar-keðju, sem menzirnir sjá æ glöggra og glöggra, eptir því sem reynsluvisindin ryðja fleiri og fleiri dulspekistilgátum úr vegi hinnar náttúrulegu rannsóknar. Hið sama lögmál, sem breytti

hinni fornu alkemíu í efnafræði vorra tíma, og stjórnu-spám fyrri tíma í stjórnufræði þessara tíma, hið samalög-mál hefur breytt söguheimspeki fyrri alda í fjelagsfræði vorra tíma.

En svo er eitt atriði enn, er gæta verður. Fjelagsfræðin er ekki einungis hugsanrjett afleiðing og ávöxtur af náttúruvannsókn fræðimannanna; í henni felst og annað og meira, nfl. hinar siðferðislegu kröfur og þarfir vorra tíma; hún er vegvisir og leiðarstjarna mannanna að því siðferðislega marki, er vjer eygjum hæst og göfugast. — Hið fjelagslega ástand og skipulag hvorrar þjóðar og hvers tíma er mælikvarði, sem sýnir hinn andlega og siðferðislega þroska. Hinar siðferðislegu kröfur, sem fölgnaar eru í núverandi fjelagsfræði, standa í nánu sambandi við þroskastig mannaanna, eða rjettara sagt, eru ávöxtur þess þroska, sem mannkynið hefir náð. Aldrei frá upphafi hafa jafnmörg og margbreytt fjelagsleg og siðferðisleg verkefni legið fyrir mönnum til úrlausnar eins og nú, og aldrei hafa þau visindi, er suerta hin fjelagslegu hlutföll, verið stunduð af jafumiklu kappi sem nú; í þjónustu þeirra eru allir hinir beztu kraptaar mannanna, enda erum vjer nú komnir langt fram hjá hinni einstrengingslegu oftrú Rousseau's á einstaklingnum og hinu óbreytilega manneðli. Í vorum augum er mannfjélagið, eða mannlífið í heild sinni, háð allstaðar nálægum lögmálum, sem enginn einstaklingur getur óhegndur brotið á móti af sínum svo kallaða frjálsa vilja, því þau veða sína smágjörðu en óslítanlegu orsakag og afleiðinga-þræði inn í öll manneg hlutföll, svo hin smæstu sem hin stærstu. — Visindagreinir, er áður voru taldar sjálfstæðar, svo sem þjóðmegunarfræðin, sem var byggð á einstaklingshagsmununum, hegningarrjetturinn, sem var byggður á einstaklingsábyrgðinni einni, þessar og margar fleiri sjervisindagreinir hverfa smámsaman inn í eða innlimast hinni almennu fjelagsfræði og fjelagspólitík. Hinar nýju fjelagsskoðanir hafa jafnvel tekið í þjónustu sína og gagnsýrt fjarskildar visindagreinir, svo sem sögu-

ritun, bókmenntasögu og bókmenntarannsókn (Kritik). Áhrif þessi koma ljóslega fram í ritum margra bókmentasköruna, svo sem hjá Taine og Georg Brandes; og enginn söguritari eða bókmenntarýnir nú á dögum lýsir nokkrum pólitískum skörungum eða bókmennta-snillingi sem sjerstæðri eða sjálfstæðri veru, sambandslausri við þá þjóðfélagsheild, sem framleiddi hann, hafði áhrif á hann, og jafnframt var starfsvið hans og verkefni. Jafnvel á sjálf fagurfræðin og listirnar hafa hinar nýju félagskodoanir og hugsjónir haft mjög mikil áhrif. Um ekkert efni er skáldunum nú á tímum svo tíðrætt, jafnt í sjónleikjum, sögum og ljóðum, sem um sambönd, mótsagnir, meinsemdir og galla félagslífsins eða mannlífsins sem heildar, og þó einkum um sambönd einstaklinganna við lífsheildina, venjurnar og skipulagið, með þeirra mörgu mótsögnum og vafaspurningum. Félagsheildin og hin náttúrlegu lögmál hennar bafa nú á tímum nær því sömu þýðingu fyrir einstaklingana sem örlaganornirnar áður höfðu. — Afar vorir og ómmur þekktu varla skáldsögur, er ritaðar væru til skýringar eða úrlausnar ráðgátum félagslífsins. Á vorum dögum eru þessar ráðgátur langtíðasta verkefni skáldsagna og sjónleikja-höfundanna, og þeir hafa opnað augu manna fyrir mörgum þeim hlutföllum mannfélagsins, er áður voru hulin, svo sem eru þeir: Dickens, Victor Hugo, George Sand, Björnstjerne Björnson, Hinrik Ibsen, Emile Zola o. fl. o. fl. Öll þessi skáld, og þó einkum hinn síðast nefndi, leggja mesta áherzlu á að lýsa mannlífsheildinni, orsakana og afleiðinga-samböndum hennar, og sambandi einstaklingsins við heildina gegnum skipulag, viðtektir, venjur og trú. Í slíkum ritum gætir einstaklingsins æ minna og minna í hlutfalli við heildina á líkan hátt og hinar einstöku raddir í tónaskáldskap Wagner's hverfa inn í hina voldugu samhljóma heildarinnar.

Vjer lífum nú á tímabili félagskapparins og samverknaðarins; ekkert tímabil í sögunni hefur verið jafnþrungit af félagslegum vafaspurningum, er krefjast úr-

lausnar. Mannkynið er komið þar á framþróunarbrautinni, er það verður að leysa þetta verkefni af höndum, ef það á að geta haldið ferð sinni áfram eftir þeim siðferðisbugsjónum, sem eru leiðarstjörnur þess til óþekkrar fullkominunar og þroska. Og það er hin vísindalega félagsfræði, er leysa mun úr þessum vafamálum og kenna mönnum að þekkja hin frumlegu og náttúrlegu lögmál, sem mannlífið hlýðir, og að verða þeim samtaka.

B. J.